

## Fjölmenningarstefnur Eyþings og Akureyrarbæjar

Núverandi fjölmenningarstefna Akureyrarbæjar var samþykkt í bæjarstjórn 13. apríl 2010 og byggir hún á fjölmenningarstefnu Eyþings sem var unnin og birt árið 2009. Í febrúar 2017 samþykkti stjórn Eyþings að skipa starfshóp til að endurskoða fjölmenningarstefnuna og var endurskoðuð útgáfa lögð fram fyrir stjórnarfund samtakanna í ágúst 2017. Hvert og eitt hinna þrettán sveitarfélaga innan Eyþings geta notað fyrrnefnda stefnu, að hluta eða í heild, dýpkað einstaka þætti, sett niður leiðir til eftirfylgni og mats, allt eftir aðstæðum á hverjum stað.

Þann 1. október 2018 fengum við, Zane Brikovska og Helga Hauksdóttir ósk um að „rýna fjölmenningarstefnu Eyþings og hvar Akureyri stendur og hvort að það sé e-ð í skýrslunni sem við getum tekið okkur til fyrirmyndar/betrumbætt nálgun okkar í þessum málaflokki?“

Á fundi okkar þann 26. október fórum við yfir fjölmenningarstefnu Eyþings og reyndum að ræða hana í tengslum við verklagsreglur og vinnulag, eins og við best þekkjum til innan Akureyrarbæjar.

**Í stuttu máli snúast helstu athugasemdir okkar að því að við þurfum að kalla eftir upplýsingum um það sem nú er gert á hinum ýmsu sviðum/vinnustöðum Akureyrarbæjar í tengslum við fjölmenningarstefnu og til að styrkja erlenda starfsmenn sem eru víða við störf fyrir Akureyrarbæ. Þá þarf einnig að setja niður verklagsreglur, t.d. um móttökur erlendra starfsmanna, sem við viljum að allir sammælist um. Aðeins með því móti getum við haft upplýsingar um stöðuna á hverjum tíma og fylgst með því hvort okkur miðar í rétta átt. Styrkja þarf náms- og félagslega stöðu nemenda allra skólastiga og huga að virkri þátttöku og upplýsingagjöf til allra erlendra íbúa bæjarins.**

Fjölmenningarstefna Eyþings skiptist í eftirtalda þætti:

- Stjórnsýsla
- Þjónusta
- Atvinnumál
- Gagnlegar vefslóðir

### Kaflinn „Stjórnsýsla – sveitarfélög“

Innan þessa kafla eru þrjú markmið. Við teljum að við vinnum skv. þeim með því að hafa alþjóðastofu í ráðhúsinu og veita þar þjónustu og upplýsingar um ýmsa þá þætti sem nýkomnir íbúar þurfa aðstoð við; s.s. að fá dvalarleyfi, kennitölu, lögheimili, heilbrigðisþjónustu o.fl.

**Undir markmiði eitt er kveðið á um að sveitarfélög setji á fót þverfaglegt teymi til samráðs og til að samhæfa þjónustu sveitarfélagsins við innflytjendur.** Um tíma var slíkt teymi á Akureyri. Þar voru rædd ýmis mál sem tengdust þjónustu við nýja, erlenda íbúa en erfitt reyndist að fylgja málum eftir, fátt gerðist og loks lagðist teymið niður. Tvisvar var gerð ársskýrsla en það vantaði bein tengsl milli teymisins og bæjaryfirvalda til að koma á framfæri ábendingum.

### Ábendingar okkar:

Slíkt þverfaglegt teymi ætti að geta þokað málum innflytjenda áfram í betra horf ef hlutverk þess er skýrt, verklagsreglum fylgt og yfirvöldum gerð grein fyrir stöðunni á hverju ári og þau bregðist þá við til umbóta, skv. ábendingum eins og unnt er.

- Skoða samsetningu teymis
- Hlutverk þess gæti verið að skoða og gera grein fyrir:
  - Hvernig taka vinnustaðir Akureyrarbæjar á móti nýju, erlendu starfsfólki?
    - Er eitthvert sjónrænt skipulag til fyrir þá sem ekki skilja/tala íslensku?

- Eru einhverjar upplýsingar um starfsemina til á erlendum tungumálum?
- Er hvatt til/boðið upp á íslenskukennslu? – á vinnutíma/utan vinnutíma?
- Hver margir erlendir starfsmenn er á hverjum vinnustað?
- Hver er þróunin, fjölgar erlendu starfsfólki eða fækkar því?
- Er erlent starfsfólk t.d. í stjórnenda- eða millistjórnendastöðum?
- Kannanir meðal erlendra starfsmanna um líðan, óskir og væntingar
- Þarf að bæta við þýðingar fyrir erlenda íbúa?
- Þarf að bæta merkingar í bænum, t.d. á stofnunum bæjarins?
- Að gera stjórnvöldum hverju sinni grein fyrir stöðunni, t.d. einu sinni ár ári og koma með tillögur til úrbóta þar sem þörf er á.

Taka þarf pólitíska afstöðu til margra þátta sem eru nefndir hér að ofan, meta rök með og á móti og vanda til verka áður en farið er af stað. Vilja bæjaryfirvöld t.d. leggja aukinn metnað í þýðingar/merkingar eða er afstaðan sú að íbúar eigi að leggja sig fram um að læra íslensku og bærinn vilji frekar aðstoða þá við að fara þá leið. Engin ein leið er endilega sjálfgefin.

### Kaflinn „Þjónusta“

Innan þessa kafla falla markmið fjögur til ellefu í stefnu Eyþings. Þar er fyrst ákvæði um aðgengi að túlkajónustu. Listi yfir túlka á svæðinu er alltaf uppfærður en einnig er aðgengi að símatúlkun frá Reykjavík, þar sem við höfum ekki túlka fyrir öll tungumál sem óskað er eftir túlkun á.

Markmið fimm, sjö og ellefu tengjast öll fræðslu, þátttöku í samfélaginu og fjölmennningarlegri hugsun og ábyrgð okkar allra, hvar sem við erum fædd eða alin upp. Margt er gert vel nú þegar en það má hyggja að ýmsum öðrum þáttum.

### Ábendingar okkar:

- Einhver starfsmaður/starfsmenn á vinnustað hafi skilgreint hlutverk við móttöku erlendra starfsmanna, aðstoði þá og útskýri starfshætti, samvinnu, hlutverk o.fl.
- Starfsmönnum Akureyrarbæjar sé boðin fræðsla um fjölmenningu (starfsfólk grunnskóla hefur þegar fengið slíka fræðslu í Símei í samstarfi við fræðslusvið). Áhersla á menningarnæmi og fjölmenningarhugsun. (Hugsanleg samvinna mannauðsdeildar, alþjóðastofu, Símei, fræðslusviðs.)
- Fræðsla frá Rósenborg fyrir erlenda íbúa um þá starfsemi sem þar er í boði fyrir alla íbúa bæjarins
- Samfélagsfræðsla. Hvaða upplýsingar eru til um sveitarfélagið okkar þegar fólk flytur í bæinn?
  - Stofnanir/deildir bæjarins, aðsetur þeirra, stjórnun bæjarins
  - Almennar upplýsingar um bæinn., nágrenni hans, menningu o.fl.
    - Amtsbókasafnið
    - kirkjur bæjarins og trúfélög
    - íslenskir hátíðsdagar/frídagar
    - Menningarhúsið Hof
    - Hlíðarfjall, Kjarnaskógur
    - Eyjarnar, Hrísey og Grímsey
    - Íbúafjöldi
    - ...

Markmið númer sex, átta og níu snúa sérstaklega að veru barna í leik- og grunnskólum bæjarins og þátttöku þeirra í félagslífi af ýmsum toga. Allir þeir þættir sem snúa að börnum eru fjölskyldum mikilvægir og nauðsynlegt að á þeim vettvangi sé gott samstarf, fræðsla og upplýsingagjöf á báða bóga. Hér getum við bætt við þjónustu okkar á ýmsan hátt.

### Ábendingar okkar:

- Aðgengilegar upplýsingar um íþróttafélög bæjarins, a.m.k. á ensku, þar sem fram kemur íþróttagrein, slóð að heimasíðu og netfang
- Upplýsingar um sérskóla bæjarins, t.d. tónlistarskóla, myndlistarskóla á fleiri tungumálum
- Fylgjast með þátttöku erlendra foreldra í starfi leik- og grunnskóla. Í dag er mikið rætt um einangrun. Gæta þess að erlendir foreldrar viti og skilji hvað um er að vera í skólanum og bregðast við til aðstoðar þegar þörf er á.
- Aukin aðstoð/verkefnastjórn fyrir erlenda nemendur innan skólanna. Huga að því að færa aukna þjónustu inn á vettvang hvers skóla en þannig væri möguleiki á að fylgja nýjum nemendum enn betur eftir fyrstu vikurnar. Starfið væri sveigjanlegt og nýttist einnig til að fylgja nemendum eftir áfram til lengri tíma, bæði náms- og félagslega
- Tryggja betur að erlendir nemendur fái áfram aðstoð við nám, þó að þeir hafi náð tókum á daglegum orðaforða, t.d. við sérhæfðan orðaforða námsgreina
- Móta stefnu um kennslu upprunamáls nemenda. Viljum við styðja við hana og í hvaða formi á sá stuðningur að vera?
- Huga að þátttöku erlendra nemenda í félagsstarfi grunnskólanna. Hve stórt hlutfall eru þeir á starfslista félagsmiðstöðva?
- Mikilvægi dvalar nemenda í íslensku málumhverfi – hvernig getum við hvatt til þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi?
- Brottfall. Í dag höfum við engar upplýsingar né tölur um hlutfall erlendra nemenda sem halda áfram í framhaldsskóla, né hve stórt hlutfall þeirra útskrifast úr einhverju formlegu námi. Getum við fylgst með þróuninni sem þar á sér stað, frá ári til árs?

### Kaflinn „Atvinnumál“

Innan þessa kafla eru markmið tólf til fjórtán í fjölmenningsstefnu Eyþings. Þar eru nokkrir þættir sem vert er að beina sjónum að t.d. um frumkvæði sveitarfélaga við að gæta sérstaklega að því að erlendir umækjendur um störf hafi jöfn tækifæri og aðrir við ráðningar, sérstaklega í störf sem krefjast fagmenntunar.

### Ábendingar okkar:

- Formgert og formlegt samstarf þeirra stofnana sem koma að ráðningum, s.s. Vinnumálastofnunar
- Formgert og formlegt samstarf þeirra sem koma að starfsþjálfun og endurmenntun, s.s. Símey, Háskólinn, deildir VMA til starfsmenntunar, Frumkvöðlasetur o.fl.

### Að lokum

Margt er gert vel við móttökur erlendra íbúa á Akureyri og flestir gera sitt besta til að liðsinna fólki, bæði starfsfólk vinnustaða bæjarins og íbúar almennt. Alltaf eru samt brotalamir og alltaf má gera betur. Marga þætti þarf að formgera betur, þannig að allir viti til hvers er ætlast og hvaða vinnulag og verkferlar eru notaðir. Einnig þarf að fylgjast með þróun einstakra verkþátta, þátttöku erlendra íbúa í vinnu, skóla og félagslífi, til að geta þróað starfshætti okkar í rétta átt, breytt og bætt. Við vorum samála um að Akureyrarbær gæti tekið upp stefnu Eyþings og þróað aðgerðaáætlun og dýpkað einstaka þætti í málefnum innflytjenda samkvæmt henni og þá gert ráð fyrir fjármagni til þess í áætlanagerð bæjarins.

30. október 2018  
Helga Hauksdóttir  
Zane Brikovska

## Fylgiskjal

Á fundi okkar um fjölmenningsstefnu Eyþings og stöðu Akureyrarbæjar með tilliti til þeirra þátta sem þar eru nefndir þar margt á góma í samræðunum. Hér að framan höfum við komið með ýmsar ábendingar um einstaka þætti sem okkur finnst að þurfi frekari skoðunar við og taka ákvarðanir og móta stefnu um. Um leið ræddum við ýmsa aðra þætti sem hafa ef til vill verið reyndir hér um tíma en hafa ekki virkað eins og til var ætlast eða vonir stóðu til - og svo það sem nú er gert og unnið að á mörgum stöðum innan bæjarkerfisins, hjá félagasamtökum og víðar og gengur vel.

Dæmi um umræður og vangaveltur af handahófi:

- Túlkaþjónusta. Á hún að vera greidd af bænum, svo lengi sem hver einstaklingur óskar eftir henni? Í skólum er túlkaþjónusta alltaf greidd af bænum og börnin njóta þess alltaf að nauðsynlegt er að koma upplýsingum óbrengruðum til skila. Sumir foreldrar hafa þó verið hér í allt að átta ár.
- Eiga starfsauglýsingar bæjarins að vera líka á ensku? Er þörf á því – eða getur verið málsgrein á ensku þar sem minnt er á að hægt er að fá aðstoð við umsóknarferli?
- Þurfum við að hafa betra upplýsingaflæði um þætti eins og kosningar til sveitarstjórnar, alþingis, forseta – á öðrum tungumálum?
- Margt mjög gott er gert, t.d. samstarf Alþjóðastofu og Amtsbókasafns en þar var t.d. erlendum íbúum boðið að kynna land sitt og þjóð og það auglýst. Því miður reyndist erfitt að fá fólk til þátttöku.
- Matardagurinn – þar sem íbúar frá ólíkum löndum koma saman og kynna þjóðarrétti. Þetta hefur verið gert í nokkuð mörg ár. Í upphafi voru þátttakendur frá nær 40 löndum en nú eru það aðeins um 12 og þátttakendur flestir skiptinemar við HA.
- Lionsklúbburinn Ylfa býður upp á aðstoð við íslenskunám á hverjum þriðjudegi á Amtsbókasafninu milli kl. 16:30 og 17:30
- Rauði krossinn tekur þátt í ýmsum atburðum með erlendum íbúum. Félagar frá Rauða krossinum hafa einnig komið í grunnskólana og aðstoðað erlenda nemendur við lestur.
- Vefur með aðlöguðu námsefni, verkefnum o.fl. er til og opinn öllum –  
<http://erlendir.akmennt.is>
  - Handbók fyrir kennara um móttökuferli: [https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2018/06/Samantekt-fyrir-kennara\\_20.06.18.pdf](https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2018/06/Samantekt-fyrir-kennara_20.06.18.pdf)
- Við höfum tekið saman upplýsingar um starf leik- og grunnskóla og stoðþjónustu grunnskólanna og þýtt á ensku, pólsku og tailensku. Það er líka alltaf spurning hve mikið á að þýða og hvaða tungumál á að velja. Hvers eiga þeir að gjalda sem tala tungumál sem upplýsingar eru aldrei þýddar á? Reynt er að afhenda foreldrum þessar upplýsingar við upphaf skólagöngu barna þeirra.
  - [https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2018/06/About-schools\\_enska\\_Word\\_JB\\_2018.pdf](https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2018/06/About-schools_enska_Word_JB_2018.pdf)
  - <https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2015/10/festivals-and-traditions.pdf>
- Skv. nýjum persónuverndarlögum er nú verið að þýða undirskriftarblöð fyrir foreldra leik- og grunnskóla (byrjað á ensku, pólsku og tailensku)
- Stutt er við kennslu upprunamáls, bæði arabísku og pólsku. Foreldrar sjá um kennsluna í sjálfboðastarfi en fræðsluvið hefur samið við grunnskóla um afnot af húsnæði utan kennslutíma og við höfum keypt inn pappír, penna, liti, möppur o.fl. sem þörf er á við kennsluna.
- Hvernig getum við stutt við frumkvæði erlendra íbúa bæjarins? Er það alltaf hlutverk alþjóðastofu að hafa frumkvæði og reyna að fá fólk til samstarfs og þátttöku?

- Aðgengi að tulkþjónustu er gott og listi uppfærður reglulega, þar sem alltaf verða einhverjar mannabreytingar
- Nýir íbúar bæjarins sem koma erlendis frá fá allar upplýsingar um fyrstu skref hjá alþjóðastofu og þá þjónustu sem þeir leita eftir.
- Í febrúar – mars á þessu ári var kennurum grunnskóla boðið upp á fræðslu í samstarfi fræðslusviðs og HA. Það voru fimm skipti á milli kl. 13:30 og 16:00 síðdegis. Farið var yfir afmarkaðan þátt í hvert sinn:
  - Menning og viðhorf
  - Fjölmening – fljúgandi teppi
  - Tvítýngi og fjöltýngi
  - Orðaforðavinna
  - Notkun snjalltækja í kennslu

...  
HH/ZB